

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.

#### 1. gr.

*Gildissvið.*

Samþykkt þessi gildir um meðhöndlun úrgangs sem fellur til í Skaftárhreppi, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs.

Sérhverjum húseiganda eða umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) í sveitarféluginu, hvort sem um er að ræða íbúðar-, frístunda- eða atvinnuhúsnæði, er skyldt að nota þau ílát og þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður við þá meðhöndlun.

#### 2. gr.

*Skipulag og meðferð úrgangs.*

Skaftárhreppur ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sveitarféluginu og sér til þess að reknar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang á þann hátt og með þeim takmörkunum sem leiða af samþykkt þessari, lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

Hverju heimili í Skaftárhreppi er skyldt að flokka allan úrgang í þrjá grunnflokk; almennan heimilisúrgang, endurvinnanlegan úrgang og lífrænan úrgang.

Gámar fyrir almennan heimilisúrgang, endurvinnanlegan úrgang, garðaúrgang, grófan úrgang, timbur, járn og spilliefni verða staðsettir á gámasvæði sveitarfélagsins.

Framkvæmdaaðili söfnunar útvegar sorpílat gegn gjaldi en húsráðendur skulu sjálfir annast frágang á þeim. Sorpílat skulu vera aðgengileg fyrir framkvæmdaaðila söfnunar og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpgeymslum/sorpílatum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

Sveitarstjórn ákveður tíðni söfnunar úrgangs í samráði við framkvæmdaaðila söfnunar. Sorp-hirðudagatal er gefið út í byrjun hvers árs þar sem fram kemur hvenær almennur heimilisúrgangur, lífrænn úrgangur og endurvinnanlegur úrgangur er hirtur frá heimilum.

#### 3. gr.

*Markmið.*

Markmið samþykktarinnar er:

- að lágmarka magn úrgangs sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganganum veldur.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

#### 4. gr.

*Fyrirkomulag sorpírðu.*

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirlitir sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn sér til þess að upplýsingar með fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun séu aðgengilegar t.d. á vefsíðu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd með tilteknum þáttum meðhöndlunar úrgangs. Viðkomandi skal hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar Suðurlands eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

## 5. gr.

*Íbúðarhúsnaði.*

Húsráðendum er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs og endurvinnsluefna sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðisnefnd Suðurlands og í samræmi við lög og reglur þar að lítandi.

Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum á eigin kostnað. Einnig getur hann farið með umframmagn heimilisúrgangs á gámasvæði sveitarfélagsins honum að kostnaðarlausu.

Annan úrgang frá íbúðarhúsnaði skal skila á söfnunarstöð sveitarfélagsins.

## 6. gr.

*Frístundahúsnaði.*

Húsráðanda frístundahúss er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Húsráðandi ber ábyrgð á hirðu og förgun á öllum þeim úrgangi sem til fellur og stendur straum af kostnaði vegna þess. Húsráðandi frístundahúss skal skila úrgangi á söfnunarstöð sveitarfélagsins.

## 7. gr.

*Atvinnustarfsemi.*

Fyrirtækjum, stofnunum, bújörðum eða býlum er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur hjá þeim í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Þeir bera ábyrgð á hirðu og förgun á öllum þeim úrgangi sem til fellur í starfsemi þeirra og standa straum af kostnaði vegna þess. Samkomulag um hirðu og förgun úrgangs er á milli húsráðanda atvinnuhúsnaðis og framkvæmdaaðila söfnunar. Sé fyrirséð að ílátin yfirfyllist getur húsráðandi óskað eftir stærri eða fleiri ílátum.

Rekstraraðilar sem eru með starfsemi á afréttum eða hálendi Skaftárhrepps skulu sjá svo um að úrgangur sé flokkaður í grunnflokka samkvæmt samþykkt þessari og einnig sjá um flutning til byggða á móttökustað á eigin kostnað.

Sorpílát og umgengni við þau, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og samkvæmt reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs. Staðsetning gáma fyrir rekstrarúrgang skal vera í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar.

## 8. gr.

*Frágangur heimilisúrgangs.*

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta spilliefni, garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma sem ætluð eru fyrir almennan heimilisúrgang. Annan úrgang eiga húsráðendur að losa á gámasvæði sveitarfélagsins. Það á t.d. við um ýmsan byggingarárgang, úr sér gengin húsgögn eða raftæki.

Litt notuð húsgögn, fatnað, húsbúnað og annað sem nýtanlegt er skal leitast við að koma í þar til gerða móttöku.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

## 9. gr.

*Skyldur íbúa, húsráðenda, rekstraraðila og landeigenda.*

Íbúum, húsráðendum, rekstraraðilum og landeigendum í sveitarféluginu ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs.

Setja skal allan úrgang í viðeigandi sorpílát að öðrum kosti er framkvæmdaaðila söfnunar heimilt að skilja hann eftir. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Aðgengi að ílátum skal henta söfnunartækjum og skal húsráðandi gæta þess að ílát séu hrein, vel við haldið og að ekki sé hætta á að þau fjúki. Festingar ílátum mega ekki hamla losun þeirra. Gott aðgengi skal vera að ílátunum og moka skal snjó frá þeim ef þörf krefur vegna söfnunar.

Úrgang sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.

Flokkáður úrgangur skal þannig meðhöndlaður að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum.

Flokkáðan úrgang skal geyma og meðhöndla þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist sem minnst.

Úrgang sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki.

Meðhöndlun úrgangs má ekki valda lyktaróþægindum, draga til sín meindýr eða valda hreinlætisvandamáli.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, sorp, garðauúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum, við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarféluginu. Sama á við um númerslausar bifreiðar, vélar eða önnur tæki.

Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki.

#### 10. gr.

##### *Gámasvæði.*

Gámasvæði sveitarfélagsins er staðsett á Iðjuvöllum 7 á Kirkjubæjarklaustri. Gámasvæðið er ætlað undir úrgang frá heimilum og frístundahúsum og er óheimilt að losa rekstrarúrgang í góma á vegum Skaftárhrepps nema samið sé um það sérstaklega við framkvæmdaaðila söfnunar. Skal þá rekstraraðili greiða sorpeyðingargjald í samræmi við magn úrgangs.

Allur úrgangur, hvort sem er frá heimilum, frístundahúsum eða rekstraraðilum, sem ekki er heimilt að setja í sorpílat fyrir almennan heimilisúrgang, ílát fyrir endurvinnsluefnii eða ílát fyrir lífrænan úrgang skal fluttur á gámasvæðið.

Á gámasvæði er gerð krafá um flokkun úrgangs og er notendum skylt að fara eftir þeirri flokkun. Úrgangur skal flokkaður við móttöku samkvæmt flokkunarreglum sveitarfélagsins.

#### 11. gr.

##### *Gjaldtaka.*

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengd starfsemi í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Gjöld i hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem til fellur við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits í samræmi við 2. ml. 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 með einstökum þáttum.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, lögbýli, frístundahús, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu.

Heimilt er að leggja aukasorpgjöld á lögbýli, fyrirtæki eða stofnanir eftir magni úrgangs frá viðkomandi aðila á gámasvæði samkvæmt mati sveitarfélagsins eða samkomulagi við viðkomandi.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísað til þessarar samþykktar.

#### 12. gr.

##### *Brot á samþykktum, kvartanir og kærur.*

Hafi húsráðandi fram að fára kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við skrifstofu Skaftárhrepps eða til heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal framkvæmdaaðili söfnunar tilkynna það til skrifstofu Skaftárhrepps, sem skora skal á húseigandann að bæta ráð sitt. Bæti húsráðandi ekki úr innan ákveðins tíma er framkvæmdaaðili söfnunar ekki skyldugur til að taka úrgang hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um ítrekað brot að ræða skal

Nr. 909

3. október 2018

skrifstofa Skaftárhrepps tilkynna það til heilbrigðisnefndar Suðurlands sem gera skal viðeigandi ráðstafanir.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

13. gr.

*Viðurlög við brotum eða vanefndum.*

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 68. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

14. gr.

*Gildistaka.*

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 342/2004, um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 3. október 2018.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 17. október 2018